



## Fundur háskólaráðs 3. maí 2007

### Fundargerð

Málsnúmer: HI07010035  
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Margrét Ludwig  
Staða: Fært í skjalasafn

### Dagsetningar:

Búið til: 26.04.2007  
Dags: 03.05.2007

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (690169-2039)  
Aðalbyggingu v/Suðurgötu  
101 Reykjavík  
Sími: 525 4000  
Fax: 552 1331

08/2007

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2007, fimmtudaginn 3. maí var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir (varamaður Birnu Arnbjörnsdóttur), Ásdís Egilsdóttir (varamaður Rúnars Vilhjálmssonar), Erna Kristín Blöndal, Helgi Þorbergsson, Inga Jóna Þórðardóttir, Matthías Páll Imsland, Ólafur Þ. Harðarson, Þórir Hrafn Gunnarsson (varamaður Sigurrósar Eiðsdóttur) og Þórdís Kristmundsdóttir. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og hún samþykkt.

### 1. Mál á dagskrá

#### 1.1 Stefna Háskóla Íslands 2006-2011: Endurskoðun á skipulagi og stjórnkerfi Háskóla Íslands. Staða mála.

Rektor gerði grein fyrir stöðu málsins og var það rætt ítarlega. Málið verður á dagskrá háskólafundar 16. maí nk.

#### 1.2 Stefna Háskóla Íslands 2006-2011: Endurskoðuð tillaga um Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands, sbr. síðasta fund, ásamt drögum að reglum fyrir Miðstöðina.

Rektor kynnti málið og var það rætt ítarlega.  
- Samþykkt einróma.

#### 1.3 Stefna Háskóla Íslands 2006-2011: Samstarf við atvinnulíf. Orku-, jarð- og umhverfisvísindi.

##### a. Samráðsvettvangur Háskóla Íslands vegna rannsókna og kennslu á sviðum orku-, jarð- og umhverfisvísinda.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt ítarlega. Lýstu ráðsmenn ánægju sinni með málið.

##### b. Aðkoma Háskóla Íslands að menntastarfi á Keflavíkurflugvelli.

Inn á fundinn kom Þórður Kristinsson, sviðsstjóri kennsluviðs. Rektor og Þórður gerðu rækilega grein fyrir málinu og var það rætt ítarlega.

- Samþykkt einróma að fela rektor að fylgja málinu eftir.

#### 1.4 Skipun nefndar um skipulag og framkvæmdir á háskólalóð, sbr. síðasta fund.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

- Samþykkt einróma að skipa nefnd um skipulag og framkvæmdir á háskólalóð. Í nefndinni eigi sæti þau Helga Bragadóttir, arkitekt, Hrund Ólöf Andradóttir, dósent í verkfræðideild, Inga Jóna Þórðardóttir, viðskiptafræðingur og fulltrúi í háskólaráði, Ingjaldur Hannibalsson, prófessor í viðskipta- og hagfræðideild, og einn fulltrúi sem Kennaraháskóli Íslands tilnefnir.

### **1.5 Hugmyndir starfshóps rektors að stefnumörkun á sviði fjarkennslu og upplýsingatækni, sbr. dagskrármál sem frestað var á háskólafundi 16. mars sl.**

Rektor gerði grein fyrir hugmyndum starfshópsins sem skipaður er þeim Hörpu Pálmadóttur, fræðslustjóra í Kennslumiðstöð, Ragnari Stefáni Stefánssyni, deildarstjóra á Reiknistofnun, Hreini Pálssyni, prófstjóra, Guðbjörgu Vilhjálmadóttur, dósent í félagsvísindadeild, Eiríki Rögnvaldssyni, prófessor í hugvísindadeild, Matthew Whelpton, dósent í hugvísindadeild, Ástu Thoroddsen, dósent í hjúkrunarfræðideild, og Rögnvaldi Ólafssyni, dósent í raunvísindadeild. Í umræðunni var á það bent að við stefnumörkun á sviði fjarkennslu og upplýsingatækni væri hyggilegt að taka mið af væntanlegri sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, enda er um helmingur stúdenta við KHÍ í fjarnámi og fyrirhugað að sameina upplýsingakerfi skólanna.

- Samþykkt að vísa hugmyndum starfshópsins til Steinunnar Halldórsdóttur, verkefnisstjóra sameiningar KHÍ og HÍ og starfshóps um sameiningu skólanna.

## **2. Erindi til háskólaráðs**

### **2.1 Samningur Háskóla Íslands og menntamálaráðuneytis: Útfærsla aðgerðaáætlunar.**

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

### **2.2 Tillögur að breytingum á reglum og að nýjum reglum.**

**a. Tillaga félagsvísindadeildar að reglum deildarinnar um ráðningu og framgang akademískra starfsmanna, samþykkt á deildarfundi 23. mars sl.**

- Samþykkt einróma, með þeirri breytingu að í 2. gr. 4. mgr. falla niður orðin „nema þess sé sérstaklega óskað.“

**b. Tillaga að breytingu á reglum um Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands nr. 176/2003.**

Rektor gerði grein fyrir málinu.

- Samþykkt einróma.

**c. Tillaga viðskipta- og hagfræðideildar að breytingu á 4. gr. reglna fyrir Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands nr. 824/2001.**

- Samþykkt einróma.

### **2.3 Stjórnir, nefndir og ráð:**

**a. Skipan stjórnar Háskólaútgáfunnar. Skýrsla stjórnar 2006.**

- Frestað.

**b. Skipan stjórnar Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands.**

- Samþykkt einróma að ný stjórn Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands verði skipuð eftirtöldum einstaklingum: Erlu Björk Örnólfadóttur, forstöðumanni sjávarútvegssetursins Vör í Ólafsvík, Hreini Haraldssyni, framkvæmdastjóra þróunarsviðs Vegagerðarinnar, Jörundi Svavarssyni, prófessor við raunvísindadeild, Rannveigu Ólafsdóttur, dósent við raunvísindadeild og Rögnvaldi Ólafssyni, dósent

við raunvísindadeild, sem verði formaður.

**2.4 Erindi um breytingu á takmörkun á fjölda í þremur greinum:**

**a. Frá félagsvísindadeild: Lagt er til að fyrri samþykkt háskólaráðs (7.12.2006) um fjöldatakmörkun í fyrrihlutanám í náms- og starfsráðgjöf 2007-2008 verði breytt þannig að heimilaður fjöldi nemenda sem teknir verða inn verði 30 í stað 25.**

- Samþykkt einróma með þeim fyrirvara að kostnaður vegna fjölgunarinnar rúmist innan fjárhagsáætlunar.

**b. Frá námsstjórn í lýðheilsuvísindum: Lagt er til að fyrri samþykkt háskólaráðs (21.3.2007) um fjöldatakmörkun í meistaranám í lýðheilsuvísindum 2007-2008 verði breytt þannig að heimilaður fjöldi nemenda verði 40 í stað 30.**

- Samþykkt einróma með þeim fyrirvara að kostnaður vegna fjölgunarinnar rúmist innan fjárhagsáætlunar.

**c. Frá hjúkrunarfræðideild: Lagt er til að fyrri samþykkt háskólaráðs (7.12.2006) um fjöldatakmörkun í ljósmóðurfræði 2007-2008 verði breytt þannig að heimilaður fjöldi nemenda sem teknir verða inn verði 12 í stað 10.**

- Samþykkt einróma með þeim fyrirvara að kostnaður vegna fjölgunarinnar rúmist innan fjárhagsáætlunar.

**2.5 Tillaga hugvísindadeildar um að dr. Olga Korotkova, lektor við Moskvuháskóla, verði tímabundið boðið starf lektors í rússnesku, sbr. 12. gr. laga um Háskóla Íslands.**

- Samþykkt einróma.

**2.6 Doktorsstyrkir úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.**

- Samþykkt einróma.

**2.7 Skipulagsskrá fyrir Stofnun Gunnars Gunnarssonar að Skriðuklaustri.**

- Samþykkt einróma, með þeirri breytingu að í 3. gr. 2. mgr. komi „100.000“ í staðinn fyrir „250.000“.

**2.8 Endurskoðuð greinargerð og tillaga um þverfræðilegt meistaranám í talmeinafræði, sbr. fund háskólaráðs 5. október 2006.**

- Frestað þar til yfirstandandi endurskoðun á skiptingu Háskóla Íslands í deildir og skorir er lokið.

**3. Mál til fróðleiks**

**3.1 Lokaskýrsla ytri matshóps vegna úttektar á raunvísindadeild.**

**3.2 Doktorsmenntun Íslendinga. Samantekt Rannís 2007.**

**3.3 Hefur eitthvað breyst? Fjöldatölur og hlutfall kynja hjá Háskóla Íslands 1997 og 2007. Samantekt jafnréttisfulltrúa fyrir jafnréttisnefnd Háskóla Íslands 20. apríl 2007.**

**4. Önnur mál**

**4.1 Málefni stúdenta**

Fulltrúi stúdenta greindi frá því að nýlokið væri fyrsta rafræna prófinu í lagadeild og hefði það tekist með miklum ágætum. Lýstu stúdentar mikilli ánægju með þetta framfaramál. Jafnframt áréttaði fulltrúi stúdenta að í upphafi væntanlegs prófatímabils verði komið skýrum skilaboðum til kennara um að þeir framfylgi gildandi reglum um einkunnaskil.

Fleira var ekki gert.  
Fundir slitið kl. 15.10.